

**Annar fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæði í
Þjórsárdal**

Fjarfundur haldinn á Teams 10. júní kl: 11:00

Fundarmenn

- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Uggi Ævarsson, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Björgvin Skafti Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Hreinn Óskarsson, fulltrúi Skógræktarinnar

Dagskrá:

1. Fara yfir það sem fram kom á sérstökum fundum
 - a. Lendingar þyrlna - vettvangsferð
 - b. Umferð hesta - vettvangsferð
 - c. Rauðukambar – vettvangsferð
2. Fara yfir hvernig við högum íbúafundi

Fundarefni:

1. Vettvangsferðir
 - a. Samstarfshópur sammála um að fulltrúar Umhverfisstofnunar láti vita af vettvangsferð og þeir sem sjá sér fært um að mæta.
 - b. Ræða um opið hlið og að endurnýja hlið vestan við stöng. Afréttar og skógræktin eiga hlut í þessu. Minjastofnun
 - c. Búið að fara í vettvangsferð utan hins friðlýsta svæðis útaf minjum. *Hreinn og Uggi fóru í vettvangsferð og fóru yfir deiliskipulag – snérist um leiðina frá verðandi þjónustumiðstöð. Það gekk vel út frá minjum. Töldu í lagi að fara þessa leið minjalega séð. Voru aðallega að skoða svæðið utan hins friðlýsta svæðis*
2. Umræður um hvernig við högum íbúafundi/kynningarfundur. Hákon með hugmynd um að við höfum þetta í lok sumars, síðustu vikuna í ágúst, miðvikudegi 25. ágúst frá 16:00-18:00, Skafti bókar Árnes fyrir fundarsal. Gerum ráð fyrir 30-40 manns.

Aðrar umræður:

Umræður um vörðuðu leiðina, er vegur eins og þetta er merkt inn á kortið, fara vestan við Reykholtið.

Afréttarmálag Flóa og Skeiða. Þyrfti að vera fundur með afréttarfélaginu, Skógræktinni og sveitarfélaginu og Rauðukömbum og eins Umhverfisstofnun þar sem þetta fer inn í friðlýsta svæðið. Hvaða leið er best þarf að finna út.

Umræður um námuna, umsókn um að opna hana aftur, garðyrkjubændur eru illa settir með vikur og vilja komast í þessa námu.

Umræður um staðsetningu girðinagar út frá náttúruverndarsjónarmiðum, mikilvægt að finna henni stað þar sem er minnst rask og að hún sé ekki áberandi.

Mikilvægt að hafa fjárlaust við minjastaðina, umræður um að líklega er betra að halda fé þarna fyrir utan og færa þá girðinguna. Skógræktin og afréttarfélagið saman um viðhaldið á girðingunni, en Rauðukambar þurfa líklega að koma inn í þetta. Skógræktin leiðir þessa vinnu áfram og hægt verði að kynna tillöguna á íbúafundi.